



FRAMBOÐ TIL VARAFORMANNS ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAGS ÍSLANDS

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir



johannalilja@kopavogur.is

Um mig

Ég heiti Jóhanna Lilja Ólafsdóttir og býð mig fram til varaformanns Þroskaþjálfafélags Íslands.

Ég er 41 árs gömul, búsett í Kópavogi með eiginmanni mínum og þremur börnum.

Ég lauk námi í þroskaþjálfarafræði frá KHÍ 2008 og meistaragráðu í opinberri stjórnslu (MPA) frá HÍ 2021. Frá útskrift hef ég starfað á velferðarsviði Kópavogsbæjar, meðal annars sem forstöðuþroskaþjálfari á frístundaheimili, ráðgjafarþroskaþjálfari fatlaðra barna og fjölskyldna og verkefnastjóri yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Í dag starfa ég sem verkefnastjóri og staðgengill sviðsstjóra, auk þess sem ég er ritari velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs, stýri stefnumótun sviðsins, leiði innleiðingu farsældarlaga í Kópavogi í samstarfi við innleiðingarteymi o.fl.

Trúnaðarstörf

Ég hef sinnt trúnaðarstörfum fyrir Þroskaþjálfafélag Íslands í ólíkum hlutverkum undanfarinn áratug. Ég var trúnaðarmaður þroskaþjálfara á velferðarsviði Kópavogs í tíu ár frá 2014 til 2024, sat í útgáfuráði ÞÍ í fjögur ár og sem tengiliður stjórnar við ráðið í önnur fjögur ár. Ég hef setið í stjórn ÞÍ frá 2019 til dagsins í dag sem meðstjórnandi og síðasta ár sem gjaldkeri. Í tengslum við störf mín sem trúnaðarmaður og stjórnarmaður sit ég einnig í trúnaðarmannaráði félagsins, í samninganefnd ÞÍ við samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri samstarfs- og vinnuhópum.

Mínar áherslur

Ég brenn fyrir stéttarfélagsbaráttu og í störfum mínum fyrir félagið okkar hef ég lagt áherslu á að berjast fyrir og standa vörð um réttindi og kjör þroskaþjálfara.

Þroskaþjálfafélag Íslands stendur á tímamótum í ár en nú eru liðin 60 ár frá stofnun félagsins. Áfram er reglulega sótt að réttindum launafólks og því mikilvægt að slaka ekki á í hagsmunagæslu. Síðustu ár hafa einkennst af langri og á tíðum harðri launa- og réttindabaráttu þar sem mikilvægi þeirrar þekkingar sem formenn og stjórnir félaga innan BHM hafa viðað að sér í gegnum árin hefur sannaði sig. ÞÍ hefur vegna dýrmætrar reynslu formanns, framkvæmdarstjóra og stjórnar verið virkur þátttakandi og oft leiðandi í samstarfi félaga innan BHM og það eru mikil tækifæri til að styrkja stöðu okkar enn frekar á þeim vettvangi. Það eru sóknarfæri fólgin í því að styrkja og stækka bandalag háskólamanna og er ÞÍ mikilvægur þátttakandi í þeirri vegferð.

Samhliða því vil ég leggja sérstaka áherslu á að þroskaþjálfafélagið veiti félagsfólki áfram framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf og að við virkjum sem flesta þroskaþjálfara til þátttöku í félaginu okkar. Ef ég hlýt traust ykkar sem varaformaður heiti ég því að standa áfram vörð um réttindi og kjör þroskaþjálfara, vinna af alúð að því að efla innra starf félagsins og tryggja enn frekar stöðu og sýnileika þroskaþjálfara í íslensku samfélagi.

Kópavogur, 18. apríl 2025

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir